



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

557. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 15. maí 2023
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Málefni fatlaðra - fjármögnun málaflokks - 2207001

Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga og Haraldur L. Haraldsson og Arnar Haraldsson eru gestir fundarins. Þeir síðarnefndu kynna þá vinnu sem hefur farið fram við endurskoðun á lagaumgjörð málaflokksins og kostnaðargreiningu hans. Ríki og sveitarfélög þurfa svo að hefja viðræður um umfang og fjármögnun málaflokksins á grundvelli þeirrar greiningar sem farið hefur fram en áætlað er að starfshópurinn sem nú er að störfum skili tillögum í maí/júní. Umræður.

Gestir

Haraldur L. Haraldsson

Arnar Þór Sævarsson

Arnar Haraldsson

Niðurstaða:

Umræður

2. Málefni kjarasamninga 2023 - 2301013

Umræður um stöðu kjaraviðræðna og fyrirhuguð verkföll BSRB, en málinu hefur nú verið vísað til ríkissáttasemjara.

Gestir

Arnar Þór Sævarsson

Niðurstaða:

Umræður

3. Nýjar rannsóknarborholur í Bláfjöllum - 2107002

Á grundvelli ákvörðunar 553. fundar stjórnar SSH var farið í útboð vegna rannsóknarborhola í Bláfjöllum. Engin tilboð bárust en útboðið stóð yfir frá lokum mars til 2. maí.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirliggjandi er minnisblað Jóns Kjartans Ágústssonar dags. 15. maí 2023 þar sem lagt er til að SSH verði falið að ganga til samninga við aðila á markaði um framkvæmd rannsóknarborhola í Bláfjöllum. Endanleg drög að samningi verði lögð fyrir stjórn til samþykktar þegar þau liggja fyrir.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson

Niðurstaða:

Samþykkt

4. Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu - 1505001

Fyrirliggjandi er fundargerð 32. fundar samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu dags. 21. mars 2023.

Fyrirliggjandi er fundargerð 33. fundar samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu dags. 4. maí 2023.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

5. Borgað þegar hent er - hringrásarhagkerfið - úrgangsmál - 2206002

Fyrirliggjandi er minnisblað tækniþóps í úrgangsmálum dags. 15. maí 2023 varðandi samræmingu aðferðafræði við innleiðingu "borgað þegar hent er" auk tillögu að afgreiðslu málsins.

Gerð er tillaga um að tækniþópur sveitarfélaganna vinni áfram að verkefninu sem felur í sér að samræma innheimtufyrirkomulag sveitarfélaganna vegna meðhöndlunar úrgangs samkvæmt rúmmálsleið. Einnig að tækniþópur taki þátt í verkefninu hraðallinn með Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þegar endanlegar tillögur að útfærslu liggja fyrir, verði þær sendar sveitarfélögum til umræðu og afgreiðslu.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson

Niðurstaða:

Tillagan er samþykkt og tækniþópi sveitarfélaganna falið að vinna áfram að því til samræmis við fyrirliggjandi tillögur um framhald málsins. Er fulltrúum hópsins þá jafnframt veitt heimild, eftir atvikum með aðkomu hlutaðeigandi sviðsstjóra, til að skrifa undir viljayfirlýsingu um þátttöku í "Borgað þegar hent er hraðall" - samstarfsverkefni með Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

6. Höfuðborgargirðing - Elliðakotsland / Fossvallá - endurnýjun og breytt lega - 2210002

Á 554. fundi stjórnar SSH var samþykkt að hefja vinnu við endurnýjun girðingar í landi Elliðakotslands og fjármögnun vegna þeirrar vinnu, þ.e. að kostnaður umfram fjárhagsáætlun 2023, vegna girðingarmála, að upphæð 1.1 milj. kr.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

verði fjármagnaður úr fjárhagslið annars verkefnakostnaðar skv. fjárhagsáætlun SSH. Fyrirliggjandi eru drög að samkomulagi SSH og landeiganda í Elliðaakotslandi vegna endurnýjunar höfuðborgargirðingar á svæðinu, og er gerð tillaga um að framkvæmdastjóra SSH verði falið fullt og ótakmarkað umboð til undirritunar þess.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson

Niðurstaða:

Samþykkt

7. Umsagnir þingmála - 1910005

Umsögn SSH við tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028, 894. mál, sem send var hinn 21. apríl sl., að höfðu samráði við stjórn með tölvupóstum, lögð fram til staðfestingar.

Umsögn SSH við drög að Hvítbók um samgöngumál: drög að stefnumótandi samgönguáætlun 2024 til 2038 og fimm ára aðgerðaráætlun, sem send var hinn 21. apríl sl., að höfðu samráði við stjórn með tölvupóstum, lögð fram til staðfestingar.

Þá hafa SSH fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tímabundinna undanþága frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 1028. mál. Fyrirliggjandi er minnisblað Jóns Kjartans Ágústssonar svæðisskipulagsstjóra um frumvarpið, helstu efnisatriði þess, og álitafni tengd frumvarpinu.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson

Niðurstaða:

Umsagnir SSH við annars vegar tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028 og hins vegar við drög að Hvítbók um samgöngumál eru staðfestar.

Svæðisskipulagsstjóra er þá falið að vinna áfram að umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmslum lögum vegna tímabundinna undanþága frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, til samræmis við framlagt minnisblað og umræður fundarins. Umsögnin verði þá send stjórn til samráðs með tölvupósti fyrir lok umsagnarfrestar, en stefnt er að því að fá framlengingu á honum, þ.e. til 22. maí í stað 17. maí.

8. Stafrænt ráð sveitarfélaga -Tilnefningar - 2012003

Fyrir liggur að stjórn SSH þarf að tilnefna nýjan fulltrúa í stafrænt ráð sveitarfélaga. Gerð er tillaga um tilnefningu Almars Guðmundssonar bæjarstjóra Garðabæjar.

Niðurstaða:

Samþykkt

9. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirliggjandi er bréf með athugasemdum Samgangna fyrir alla, sem sent var Skipulagsstofnun, dags. 26. apríl 2023, en afrit var jafnframt sent Betri samgöngum ohf., borgarráði Reykjavíkur, Vegagerðinni, innviðaráðherra, umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, og stjórn SSH til upplýsinga. Athugasemdirnar varða matsáætlun fyrir umhverfismat vegna fyrirhugaðra mislægra gatnamóta Reykjanesbrautar og Bústaðavegar, en samtökin telja rétt að umhverfismeta einnig lausn 4 sem gerir ráð fyrir akstri Borgarlínu í blandaðri umferð á Reykjanesbraut milli Vogabyggðar og Stekkjarbakka, enda telja samtökin líklegt að niðurstaða heildstæðrar greiningar væri sú að sérakreinar séu mjög víða ekki knýjandi.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

10. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 116. fundar Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins dags. 28. apríl 2023.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

11. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál - 2110008

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 88. fundar Stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, dags. 28. mars 2023.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 89. fundar Stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, dags. 25. apríl 2023.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

12. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - 1501005

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum dags. 19. apríl 2023.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum dags. 11. maí 2023.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

13. Fjölsmiðjan - rekstur og fjárhagur - 1501007

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 25. ágúst 2022.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 20. október 2022.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 6. desember 2022.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 31. ágúst 2023.

Niðurstaða:



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Lagt fram til kynningar

14. Önnur mál - 2110011

2305005: Fyrirliggjandi er tölvupóstur frá Hjördísi Kristinsdóttur svæðisforingja Hjálpræðishersins á Íslandi, dags. 3. maí 2023, þar sem óskað er eftir samtali við framkvæmdastjóra SSH um vaxandi aðsókn í þær máltíðir sem Hjálpræðisherinn og Samhjálp bjóða í Kaffistofunni og Húsi Hersins við Suðurlandsbraut.

Fundaáætlun stjórnar 2023: Fyrirliggjandi er tillaga að fundadagskrá stjórnar SSH fyrir maí-des 2023, auk tillögu að dagsetningu aðalfundar SSH, en lagt er til að hann verði haldinn föstudaginn 10. nóvember.

Niðurstaða:

Frestað

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:30.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 18.08 2026